

**Styrktarsjóðir Háskóla Íslands,
sameiginlegur ársreikningur**

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	7
Sameiginlegur rekstrarreikningur	9
Sameiginlegur efnahagsreikningur	10
Sameiginlegt sjóðstreymi	11
Skýringar	12

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands
Kennitala 571292-3199
Sæmundargata 2, 101 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru fjörutíu og níu sjóðir og gjafir sem borist hafa háskólanum allt frá stofnun hans. Sjóðir og gjafir Styrktarsjóða Háskóla Íslands hafa verið mun fleiri frá upphafi en reglulega er farið í gegnum sjóðasafnið og sjóðir lagðir niður eða sameinaðir þegar ástæða þykir til. Þetta var síðast gert árið 2018 og þá fækkaði um átján sjóði. En síðan þá hefur þeim fjölgað aftur. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá þar sem kveðið er á um hvernig styrkjum skuli úthlutað til ýmissa verkefna nemenda eða starfsmanna. Fjárreiður Styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Endurskoðandi sjóðanna er endurskoðunarfyrirtækið PwC og fyrir hönd þess Valgerður Kristjánsdóttir, löggiltur endurskoðandi. PwC hefur jafnframt séð um bókhald sjóðanna frá árinu 2008.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið í miðlægrri stjórnsýslu Háskóla Íslands og hefur gert það frá ársbyrjun 2012. Með umsjón Styrktarsjóðanna fer Helga Brá Árnadóttir, verkefnisstjóri Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Jenný Bára Jensdóttir, fjármálastjóri Háskóla Íslands, hefur komið til liðs við Helgu Brá við fjárumýslu sjóðanna. Jenný Bára fer einnig með prókúru sjóðanna.

Stjórnarmenn Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru Gylfi Magnússon, prófessor við Viðskiptafræðideild, Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, lögfræðingur og deildarstjóri nýsköpunar, og Jóhann Ómarsson viðskiptafræðingur. Varamaður er Sigurður Jóhannesson, aðjunkt og sérfræðingur við Hagfræðistofnun. Stjórnin var endurskipuð með sömu stjórnarmönnum árið 2022 en Valgerður Sólves tók sæti Ólafar Vigdísar í lok árs 2023. Skipunartími stjórnar er þrjú ár og rennur út 31. desember 2025.

Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2024:

Töluvert var um úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands á árinu, einkum árlegar úthlutanir úr stöndugum sjóðum.

Tveir nýir sjóðir voru stofnaðir undir hatti Styrktarsjóða Háskóla Íslands á árinu. STAFN: Styrktarsjóður Brynju Einarsdóttur og Arnar Almarssonar var stofnaður í byrjun árs með peningagjöf þeirra hjóna Brynju og Arnar. Markmið sjóðsins er að stuðla að menntun og vísðýni efnilegs námsfólks í raungreinum, heilbrigðisvísindum, verkfræði og tölvugreinum, s.s. gervigreind og lífupplýsingafræði.

Minningarsjóður Erlendar Jónssonar og Mörtu Ágústsdóttur var stofnaður í lok árs með peningagjöf Mörtu, ekkju Erlendar. Tilgangur sjóðsins er að efla stöðu íslenskunnar almennt og styrkja nemendur í íslensku, bókmenntum og ritlist við Háskóla Íslands. Stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands fer með stjórn. Úthlutunarnefnd sjóðsins var skipuð og skipulagsskrá staðfest í lok árs 2024 og hefst formlegur rekstur sjóðsins á því ári.

Í lok árs 2024 hafa níu sjóðir fengið skráningu á Almannaheillaskrá; Ingjaldssjóður, Styrktar- og rannsóknasjóður Þuríðar J. Kristjánsdóttur, Menntasjóður Hugvísindasviðs, Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur, Doktorssjóður Styrktarsjóða HÍ, Verðlaunastjóður Sigurðar Helgasonar og Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar, Menntasjóður Læknadeildar, Menntasjóður Hugvísindasviðs og Rannsóknasjóður Össurar og Ottobock. Verið er að vinna að lausnum til að fá fleiri sjóði undir hatti Styrktarsjóða Háskóla Íslands skráða á Almannaheillaskrá.

Eftirfarandi styrkir voru veittir á árinu:

- Í janúar var stofnaður nýr sjóður undir hatti Styrktarsjóða HÍ, STAFN: Styrktarsjóður Brynju Einarsdóttur og Arnar Almarssonar með peningagjöf þeirra hjóna. Markmið sjóðsins er að stuðla að menntun og vísðýni efnilegs námsfólks í raungreinum, heilbrigðisvísindum, verkfræði og tölvugreinum, s.s. gervigreind og lífupplýsingafræði. Stofnfé sjóðsins var 50.000.000 kr.
- Fjórir styrkir voru veittir í janúar til rannsókna á sviði ljósmóðurfræða úr Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónssonar bónda við Háskóla Íslands. Rannsóknirnar snerta áhrif oxýtósínlyfjagjafar við barneignir, menningarhæfni ljósmæðra hér á landi, aðgengi erlendra kvenna að barneignarþjónustu og hópmeðgönguvernd fyrir verðandi foreldra sem hafa glímt við fíknivanda. Styrkhafar eru Berglind Hálfhánsdóttir, Edythe Laquindanum Mangindin, Embla Ýr Guðmundsdóttir, Valgerður Lísa Sigurðardóttir og Emma Marie Swift. Heildarupphæð styrkja nemur 4.000.000 króna.

Skýrsla stjórnar

Eftirfarandi styrkir voru veittir á árinu, frh.:

- Í júní var veitt viðurkenning úr Nýsköpunarsjóði dr. Þorsteins Inga Sigfússonar við Háskóla Íslands. Viðurkenninguna hlaut fyrirtækið Grein Research, sem vinnur að ýmiss konar þróunarrannsóknum í efnisfræði, þar á meðal á tækni sem miðar að því að auka endingu og orkuinnihald rafhlaðna. Dr. Árni Sigurður Ingason, framkvæmdastjóri, tók við
- Í júní fengu fimmtán nemendur og fræðimenn við Háskóla Íslands og þrjár japanskir nemendur og fræðimenn styrk úr Watanabe-styrktarsjóðnum við Háskóla Íslands í ár. Markmið sjóðsins er að styrkja fræðileg tengsl milli Háskóla Íslands og Japans. Sjóðurinn grundvallast á fimm milljóna bandaríkjadala gjöf frumkvöðulsins og Íslandsvinarins Toshizo Watanabe til Háskóla Íslands, en um er að ræða eina stærstu peningagjöf sem einstaklingur hefur fært skólanum. Nemendur Háskóla Íslands sem hljóta styrki til skiptinámsdvalar við samstarfsskóla HÍ í Japan: Árni Valur Þorsteinsson, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Osaka Gakuin háskóla, Árora Gunnarsdóttir, BA-nemi í félagsfræði, hlaut styrk til náms við International Christian University, Ásgeir Rafn Sigurðsson, BA-nemi í sálfræði, hlaut styrk til náms við Seinan Gakuin háskóla, Bjarki Már Ólafsson, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við International Christian University, Elvar Pierre Kjartansson, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Nagoya- háskóla, Heiðrún Gréta Viktorsdóttir, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Kyoto- háskóla, Þórhildur Bogadóttir, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Kansai Gaidai háskóla, Ægir Björn Frostason, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Kwansei Gakuin háskóla og Vincent Elijah Merida, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði, hlaut styrk til náms við Kyoto- háskóla. Japanskir nemendur sem hljóta styrki til námsdvalar við Háskóla Íslands: Haki Hohjoh, BA-nemi í sagnfræði við Tokyo-háskóla og Seina Egawa, BA-nemi í opinberri stefnumótun við International Christian University. Fræðimenn við Háskóla Íslands sem fá styrki til rannsóknardvalar í Japan: Alberto Caracciolo, nýdoktor í jarðfræði, hlýtur styrk til dvalar við JAMSTEC, Benjamin David Hennig, prófessor í landfræði, hlýtur styrk til dvalar við Ritsumeikan-háskóla og Tohoku-háskóla, Branislav Bédi, verkefnastjóri í íslensku sem öðru máli, hlýtur styrk til dvalar við Tokai-háskóla, Geir Sigurðsson, prófessor í kínverskum fræðum og þvermenningarlegri heimspeki, hlýtur styrk til dvalar við Meiji-háskóla, Gregory Phipps, prófessor í enskum bókmenntum, hlýtur styrk til dvalar við Sophia-háskóla og Hanna Ragnardóttir, prófessor í fjölmenningarfræðum, hlýtur styrk til dvalar við Asahikawa City háskóla. Fræðimaður við japanskan háskóla sem fær styrk til rannsóknardvalar við Háskóla Íslands er Stefanie Stadler, prófessor í fjölmenningarlegum samskiptum við Doshisha-háskóla. Heildarupphæð styrks var u.þ.b. 7 milljónir króna.
- Í júní voru veittir þrjár styrkir til doktorsnema úr Menntasjóði Hugvísindasviðs Háskóla Íslands til að leggja lokahönd á doktorsverkefni. Styrkhafar voru Claude Nassar, doktorsnemi í menningarfræði, Katrín Lísa van der Linde Mikaelisdóttir, doktorsnemi í íslenskrí málfræði, og Nuria Frías Jiménez, doktorsnemi í spænsku. Markmið sjóðsins er að styrkja doktorsnema við deildir Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Heildarupphæð styrkja nam 2.100.000 krónum en styrkirnir eru greiddir í tvennu lagi og skiptast í kr. 500.000 við staðfestingu styrks og kr. 200.000 þegar doktorsnemi hefur/er rétt við að ljúka doktorsrannsókn sinni.
- Í júní var veittur styrkur úr Sagnfræðisjóði Björns Þorsteinssonar við Háskóla Íslands. Styrkhafi var Matthías Aron Ólafsson, sérfræðingur á Handritasafni Landsbókasafns Íslands. Heildarstyrkupphæð er 400.000 krónur.
- Í júní voru veittir þrjár styrkir úr Minningarsjóði Aðalsteins Kristjánssonar við Háskóla Íslands til rannsókna í raunvísindum, sem eru á lokastigi doktorsnáms án öruggar fjárveitingar. Styrkhafar voru María Glarou og Marina De La Camara Pena, báðar doktorsnemar í líffræði, og Sreejith Sudhakaran Jayabhavan, doktorsnemi í efnafræði. Heildarupphæð styrkja nam 4 milljónum króna.
- Í júní voru veittir tíu styrkir úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur til verkefna sem öll miða að því að efla íslenska tungu á tímum hraðra tæknibreytinga. Styrkirnir renna til fræðimanna og nemenda við Háskóla Íslands sem vinna að fjölbreyttum rannsóknum og verkefnum sem snúa að stöðu íslenskrar tungu í samtímanum. Styrkhafar voru Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor emerita í annarsmálsfræðum við Mála- og menningardeild, Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir, rannsóknamaður á Hugvísindasviði, og Þorgerður Anna Björnsdóttir, verkefnastjóri við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós, Dóra Jóhannsdóttir, meistaranemi í ritlist við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, stofnandi Improv Ísland og Improv-skólans, Halla Hauksdóttir, meistaranemi í almennum málvísindum við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, Heimir F. Viðarsson, aðjunkt á Menntavísindasviði, hlýtur styrk fyrir hönd Íslenska málfræðifélagsins, Hera Fjölvisdóttir, meistaranemi í ritlist við Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs, fyrir hönd Blekfjelagsins, Jóhannes B. Sigtryggsson, rannsóknardósent á Árnastofnun, Jón Yngvi Jóhannsson, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Karítas Hrundar Pálsdóttir, doktor í ritlist, Sigríður D. Þorvaldsdóttir og María Anna Garðarsdóttir, aðjunktur í íslensku sem öðru máli við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, Rósa Elín Davíðsdóttir, aðjunkt í frönsku við Háskóla Íslands og orðabókarritstjóri hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Viktor Árnason og Rafn Sigurðsson, meistaranemar í líffræði við Háskóla Íslands. Heildarupphæð styrkja nam rúmlega 8,5 milljónum króna.

Skýrsla stjórnar

Eftirfarandi styrkir voru veittir á árinu, frh.:

- Í júní hlutu fjögur verkefni styrk úr Íslenskusjóðnum við Háskóla Íslands. Markmið Íslenskusjóðsins er að stuðla að því að íslenska verði áfram töluð á Íslandi og tilgangur hans að veita styrki til að efla vald á íslensku máli meðal barna og fullorðinna, einkum fjöltyngdra barna af erlendum uppruna og foreldra þeirra. Sjóðurinn styrkir þróunarverkefni á leikskóla- og grunnskólastigi, námskeið, bókaútgáfu, t.d. fjölmálabóka, vefsíður, efni fyrir snjalltæki og annað sem álitlegt þykir til að ná markmiði sjóðsins. Styrkhafar voru: Berglind E. Tryggvadóttir, myndlistarkona, rithöfundur og kennari, og Rúnar Helgi Vignisson, prófessor við Íslensku- og menningardeild HÍ, Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir, aðjunkt við Íslensku- og menningardeild HÍ og verkefnisstjóri Íslenskuþorpsins, Jóhanna Helgadóttir, deildarstjóri á Heilsuleikskólanum Heiðarseli og Þóra Másdóttir, dósent við námsleið í talmeinafræði á Heilbrigðisvísindasviði HÍ. Heildarupphæð styrkja nam 3 milljónum króna.
- Í júní hlaut Baldvin Fannar Guðjónsson, þriðja árs nemi í læknisfræði við Háskóla Íslands, styrk úr Menntasjóði Læknadeildar. Styrkurinn er veittur vegna vinnu að BS-rannsóknarverkefni við Cambridge-háskóla. Heildarstyrkuppahæð nemur 350.000 krónum.
- Í september hlutu tvö verkefni styrk úr Sagnfræðisjóði Aðalgeirs Kristjánssonar og var þetta í fyrsta skipti sem úthlutað er úr sjóðnum. Styrkhafar voru Úlfar Bragason, rannsóknarprófessor emeritus, Trausti Dagsson, verkefnastjóri og forritari, og Rósa Þorsteinsdóttir rannsóknardósent, öll hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Heildarupphæð styrkja nam tveimur milljónum króna.
- Í september hlutu tvö verkefni styrk úr STAFNI: Styrktarsjóði Brynju Einarsdóttur og Arnar Almarssonar við Háskóla Íslands. Þetta var í fyrsta sinn sem úthlutað er úr sjóðnum. Styrkhafar voru: Erna María Jónsdóttir, doktorsnemi við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands og Valdís Gunnarsdóttir Þormar, doktorsnemi í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands. Heildarupphæð styrkja nemur fjórum milljónum króna.
- Í september hlutu Hallgrímur Haraldsson og Hildur Gunnarsdóttir, nemendur á þriðja ári í stærðfræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, viðurkenningu úr Verðlaunarsjóði Sigurðar Helgasonar prófessors fyrir frábæran námsárangur. Heildarupphæð verðlaunanna nam 11.500 bandaríkjadöllum, jafnvirði tæplega 1,6 milljónum króna.
- Í desember var stofnaður nýr sjóður undir hatti Styrktarsjóða Háskóla Íslands, Minningarsjóður Erlendar Jónssonar og Mörtu Ágústsdóttur í íslensku, bókmenntum og ritlist við Háskóla Íslands. Stofnfé sjóðsins er 10 milljónir króna.
- Rannsóknarsjóður Össurar og Ottobock átti að greiða aðra greiðslu þriggja styrkja sem veittir voru 2023. Styrkhafar voru: Dr. Matija Strbac, Tecnalia Serbia Ltd., hlaut styrk til verkefnisins „SockEET - Smart liner for high resolution Control and feedback based on Embedded Electrodes“. Herman van den Kooij, prófessor við Tækniháskólann í Delft í Hollandi, hlaut styrk fyrir verkefnið „Stýring aflknúins ökklagervilims, þar sem beitt er líkönum tauga- og stoðkerfis og veitt er endurgjöf skynjunar (PERSONIFY)“. Kristín Briem, prófessor við Námsbraut í sjúkrapjálfun við Læknadeild Háskóla Íslands, hlaut styrk til verkefnisins „Gerviganglimur með viljastýringu og endurgjöf skynupplýsinga“. Önnur greiðsla verður greidd út í byrjun árs 2025.
- Í desember voru veittir sjö námsstyrkir og tveir styrkir til rannsókna hafa verið veittir úr Þorsteinssjóði til blindra og sjónskertra stúdenta við Háskóla Íslands. Námsstyrki hlutu Eydís Arna Sigurbjörnsdóttir, BA-nemi í félagsráðgjöf við Félagsvísindasvið, Júlíus Birgir Jóhannsson, BA-nemi í táknafræði við Hugvísindasvið, Kaisu Kukka-Maaria Hynninen, BA-nemi í íslensku sem annað mál við Hugvísindasvið, Laufey Ýr Gunnarsdóttir, BA-nemi í japönsku máli og menningu við Hugvísindasvið, Patrekur Andrés Axelsson, MS-nemi í sjúkrapjálfunarfræði við Heilbrigðisvísindasvið, Sandra Sif Gunnarsdóttir, MS-nemi í klínískri sálfræði við Heilbrigðisvísindasvið, og Steve Anaya, MA-nemi í félagsfræði við Félagsvísindasvið. Rannsóknarstyrkina hlutu Eliona Gjecaj fyrir doktorsrannsókn sína „Fatlaðar konur og ofbeldi: Aðgengi að réttlæti“ og Elín Ýr Arnar Hafdísardóttir fyrir meistarafræðisitt „Líf og aðstæður einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu“. Heildarupphæð styrkjanna nam samtals 14,8 milljónum króna.
- Í desember hlaut Ingibjörg Tómasdóttir, doktorsnemi í hjúkrunarfræði, styrk úr Rannsóknarsjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur við Háskóla Íslands til doktorsrannsóknar sem miðar að því að rannsaka stöðu mænuskaðaðra á Íslandi. Styrkurinn nemur 700.000 krónum.
- Árleg úthlutun úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar fór fram í desember. Sjóðurinn styrkir árlega efnilega nema í verkfræði við Háskóla Íslands til framhaldsnáms í greininni. Sá nemandi sem er með hæstu meðaleinkunn eftir annað ár í grunnnámi hlýtur styrkinn hverju sinni. Óðinn Andrason, BS-nemi á þriðja ári í vélaverkfræði við Háskóla Íslands, hlaut styrk að upphæð kr. 400.000.

Skýrsla stjórnar

Eftirfarandi styrkir voru veittir á árinu, frh.:

- Sautján doktorsnemar við Háskóla Íslands hafa nú fengið úthlutað rekstrarstyrkjum vegna doktorsverkefna sinna úr Doktorssjóði Styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2024. Doktorsnemarnir eru af öllum fræðasviðum háskólans og nemur heildarupphæð styrkjanna 3,6 milljónum króna.
- Veittir hafa verið sex styrkir úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur árið 2024, að upphæð rúmlega 4,3 milljónir króna. Eftirtalin verkefni hlutu styrki: Tímarit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur: Milli mála - Sérhefti 2024 um örsögur og Milli mála - Almennt hefti 2024, 2.200.000 krónur. Útgáfa rita á vegum stofnunarinnar: Charles Baudelaire, Parísardepurð (Le Spleen de Paris), 420.000 krónur. Simone de Beauvoir, Brotin kona (La Femme rompue), 490.000 krónur. Áhrifamáttur ljóða á umbrotatímum: Ljóðapýðingar frá Rómönsku-Ameríku, 300.000 krónur. Leikritapýðingar Vigdísar Finnbogadóttur, 600.000 krónur. Forngrísk-íslensk orðabók, sem unnin er í samstarfi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Stofnunar Árna Magnússonar, 300.000 krónur.

Aðrir sjóðir í vörslu Háskóla Íslands:

- Þrjátíu og einn nýnemi í Háskóla Íslands hlaut styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdentna Háskóla Íslands í ágúst. Styrkþegarnir koma úr öllum landshlutum og innritast í námsleiðir á öllum fimm fræðasviðum skólans. Þetta var í sautjándra sinn sem styrkjum er úthlutað úr sjóðnum. Styrkþegarnir það sameiginlegt að hafa náð framúrskarandi árangri í námi til stúdentsprófs. Við mat á styrkþegum er einnig horft til virkni í félagsstörfum í framhaldsskóla og árangurs á öðrum sviðum, til dæmis í listum eða íþróttum. Þá leitast stjórn sjóðsins við að styrkja nýnema sem sýnt hafa fram á sérstakar framfarir í námi eða góðan námsárangur þrátt fyrir erfiðar aðstæður.
- Í desember var auglýst eftir umsóknum um doktorsstyrki við Háskóla Íslands úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir úthlutun á vormánuðum 2025.□
- Veittir voru samtals 140 styrkir úr sjóðum Háskóla Íslands á árinu, 23 doktorsstyrkir, þar af 12 styrkir úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins, 9 styrkir úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, 2 styrkir frá Vísindagörðum Háskóla Íslands. 31 nýnemastyrkir voru veittir úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands og 86 styrkir úr öðrum sjóðum sem heyra undir Styrktarsjóði Háskóla Íslands.

Í sameiginlegum ársreikningi Styrktarsjóða Háskóla Íslands árið 2024 eru ársreikningar 49 sjálfstæðra sjóða. Heildarupphæð úthlutaðra styrkja árið 2024 er kr. 72.259.950.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir sjóðina árið 2024 eru þessar:

Hrein eign Styrktarsjóða Háskóla Íslands í árslok 2024 nam kr. 3.923.066.144 og voru tekjur umfram gjöld á árinu kr. 283.968.628. Hrein eign Styrktarsjóðanna hækkaði á árinu um 343.968.628 kr., úr kr. 3.579.097.516 í kr. 3.923.066.144. Verðbréf og bankainnistæður Styrktarsjóðanna í vörslu Íslandsbanka í árslok voru kr. 3.154.216.882.

Fyrirkomulag fjárfestinga Styrktarsjóða Háskóla Íslands er að Íslandsbanki hefur stofnað sérstakan sjóð sem ber nafnið STYRKHI og er samansettur af öllum eldri eignum sjóðanna og eiga nú hver og einn sjóður ákveðinn fjölda staka í þessum í nýja sjóði. Gengi sjóðsins var í ársbyrjun 1.458,5 kr. og hefur það hækkað upp í 1.591,33 kr. í árslok eða 9,1% ávöxtun á árinu.

Fjárfestingarstefna Styrktarsjóðanna kveður á um 3,5% langtímarauðvöxtun.

Heildareign allra sjóða 31. desember 2024, samkvæmt reikningsskilunum, nam kr. 3.998.283.052.

Meðfylgjandi er samantekinn rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir sjóði í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2024, ásamt skýringum og sundurliðun eftir sjóðum. Einnig fylgja rekstrar- og efnahagsreikningar einstakra sjóða og gjafa í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands, ásamt skýringum. Sjóður Selmu og Kay er ekki inni í sameiginlega safninu á árunum 2020-2024, þar sem upplýsingar um fjárhag sjóðsins bárust ekki tímanlega.

Skýrsla stjórnar

Stjórn og umsjónaraðilar Styrktarsjóða Háskóla Íslands staðfesta hér með ársreikning sjóðs fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Reykjavík, 3. júlí 2025

Gylfi Magnússon,
formaður stjórnar

Valgerður Sólmes,
meðstjórnandi

Jóhann Ómarsson,
meðstjórnandi

Jenný Bára Jensdóttir,
fjármálastjóri Háskóla Íslands

Helga Brá Árnadóttir,
verkefnastjóri Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi sameiginlegan ársreikning Styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2024, sem samanstendur af 49 sjóðum, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðanna á árinu 2024, efnahag þeirra 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
 - Sameiginlegan rekstrarreikning ársins 2024.
 - Sameiginlegan efnahagsreikning 31. desember 2024.
 - Sameiginlegt sjóðstreymi fyrir árið 2024.
 - Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrd í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð sjóðunum samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðanna. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðanna ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sjóðanna að meta hæfi þeirra til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sjóðina upp eða hætta rekstri þeirra, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi þeirra. Stjórnendum sjóðanna ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg víska er mikil trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegru tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðanna.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sjóðanna eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þeirra. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sjóðirnir verði ekki lengur rekstrarhæfir.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 3. júlí 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Valgerður Kristjánsdóttir
lögilltur endurskoðandi

Sameiginlegur rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	10	24.105.057	24.185.728
Verðhækkun verðbréfa	4, 11	325.050.498	144.839.609
Gengismunur	12	5.129.290	(13.109.354)
Fjármagnstekjuskattur		<u>(5.659.893)</u>	<u>(6.988.042)</u>
		348.624.952	148.927.941
Rekstrartekjur			
Framlög	13	5.018.578	3.090.196
Leigutekjur fasteignar Menningar og framfarasjóðs Ludvig Storr		87.878.302	83.317.967
Aðrar tekjur	14	<u>1.833.266</u>	<u>2.226.029</u>
		94.730.146	88.634.192
Rekstrargjöld			
Veittir styrkir	15	72.259.950	125.895.023
Kostnaður við fasteign Menningar og framfarasjóðs Ludvig Storr		29.541.414	23.059.841
Annar rekstrarkostnaður Menningar og framfarasjóðs Ludvig Storr	2, 16	37.482.826	35.185.298
Annar rekstrarkostnaður	2, 16	<u>25.301.108</u>	<u>17.972.989</u>
		164.585.298	202.113.151
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu			
		278.769.800	35.448.982
Matsbreyting fjárfestingarfasteignar	3	30.845.424	(44.300.000)
Áhrif hlutdeildarféлага			
Hlutdeild í rekstrarniðurstöðu Háskólabíós	1.6	(25.646.596)	(8.861.251)
Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur)			
	9	<u>283.968.628</u>	<u>(17.712.269)</u>

Sameiginlegur efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýringar	2024	2023
Eignir			
Fjárfestingarfasteign	3	650.595.424	619.750.000
Verðbréfasjóðir og hlutabréf	5, 18	2.820.347.793	2.520.602.172
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum fyrirtækjum	6	114.967.928	140.264.524
Aðrar eignir	19	4.439.279	4.852.451
Handbært fé	7, 17	407.932.628	362.189.795
		<u>3.998.283.052</u>	<u>3.647.658.942</u>
Eignir samtals		<u><u>3.998.283.052</u></u>	<u><u>3.647.658.942</u></u>
Eigið fé			
Bundinn höfuðstóll		2.414.503.292	2.261.290.526
Óbundinn höfuðstóll		1.508.562.852	1.317.806.990
	8, 9, 20	<u>3.923.066.144</u>	<u>3.579.097.516</u>
Skuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	21	75.216.908	68.561.426
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>3.998.283.052</u></u>	<u><u>3.647.658.942</u></u>

Sameiginlegt sjóðstreymi ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):			
Tekjur umfram gjöld (Gjöld umfram tekjur)		283.968.628	(17.712.269)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gengisbreyting verðbréfaeigna		(325.050.498)	(144.839.609)
Matsbreyting fjárfestingarfasteignar		(30.845.424)	44.300.000
Hlutdeild í rekstrarniðurstöðu Háskólabíós		25.646.596	8.861.251
Fjármagnstekjuskattur		5.659.893	6.988.042
		<u>(40.620.805)</u>	<u>(102.402.585)</u>
(Hækkun) lækkun rekstrartengda eigna:			
Aðrar eignir		413.172	20.378.438
(Lækkun) hækkun rekstrartengda skulda:			
Skammtímaskuldir		6.655.482	8.416.630
Handbært fé (til rekstrar)		(33.552.151)	(73.607.517)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð verðbréfa		(858.738.831)	(21.110.570)
Söluverð verðbréfa		878.033.815	71.498.011
		<u>19.294.984</u>	<u>50.387.441</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað stofnfé		60.000.000	0
		<u>60.000.000</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		45.742.833	(23.220.076)
Handbært fé í byrjun tímabils		<u>362.189.795</u>	<u>385.409.871</u>
Handbært fé í árslok		<u>407.932.628</u>	<u>362.189.795</u>
Innborganir (útgreiðslur) í sjóðstreymi greinast þannig:			
Greiddir vextir		(181.556)	(277.034)
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(5.659.893)	(6.988.042)
Innborgaðar vaxtatekjur		24.105.057	24.185.728

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Inni í sameiginlegum ársreikningi Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru fjórutíu og níu sjóðir. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá þar sem kveðið er á um hvernig styrkjum skuli úthlutað til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður Styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands eru með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðanna er að Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík.

1.1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Reikningsskilin eru unnin á grundvelli kostnaðarverðs að undanskyldum fjárfestingarfasteignum og eignum í verðbréfasjóðum og hlutabréfum, en fjárfestingarfasteignir og eign í verðbréfasjóðum og hlutabréfum eru færð á gangvirði.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2. Innlausn tekna

Styrkir, leigutekjur og önnur framlög eru tekjufærð þegar til þeirra stofnast og þau eru innheimt.

1.3. Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2025. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

1.4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.5. Verðbréfasjóðir og hlutabréf

Verðbréf eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og eru metin á opinberu gengi í lok desember 2024.

1.6. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði sem samanstendur af kaupverði og beinum kostnaði við öflun þeirra. Eign Sáttmálasjóðs í Háskólabíó er færð eftir hlutdeildaraðferð þar sem sjóðurinn hefur ráðandi hlut í félaginu. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaga eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélögum. Hlutdeild í rekstrartapi Háskólabíós árið 2024 nam kr. 25.646.596.

Skýringar

1.7. Aðrar eignir

Aðrar eignir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfalinna vaxta þar sem við á.

1.8. Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld eru flokkuð meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikning. Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:

	2024	2023
Laun	37.612.649	35.808.975
Mótframlag í lífeyrissjóð	3.800.760	3.578.309
Launatengd gjöld	4.137.380	3.897.917
	<u>45.550.789</u>	<u>43.285.201</u>
Laun og launatengd gjöld sundurliðast á eftirfarandi sjóði:	2024	2023
Háskólasjóður	10.218.236	9.986.208
Menningar og framfarasjóður Ludvig Storr	35.332.553	33.298.993
	<u>45.550.789</u>	<u>43.285.201</u>

Skýringar

3. Fjárfestingarfasteign

	Fasteign	Samtals
Árslok 2023:		
Bókfært verð í ársbyrjun	664.050.000	664.050.000
Matsbreyting ársins	(44.300.000)	(44.300.000)
Bókfært verð í árslok	619.750.000	619.750.000
Árslok 2024:		
Bókfært verð í ársbyrjun	619.750.000	619.750.000
Matsbreyting ársins	30.845.424	30.845.424
Bókfært verð í árslok	650.595.424	650.595.424

Fjárfestingareignir eru fasteignir til öflunar leigutekna og eru þær metnar á gangvirði. Við matið er stuðst við fasteignamat fasteignaskrár Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Samkvæmt upplýsingum frá fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er fasteignamat gangverð sem ætla má að eign hefði haft í kaupum og sölum og tekur fasteignamatið mið af fasteignaverði í febrúar á hverju ári og tekur fasteignamat gildi í árslok.

Við mat á gangvirði hjá félaginu 31.12.2024 er fasteignamatið hækkað í samræmi við hækkun vísitölu íbúðarverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu frá febrúar 2024. Frá febrúar til ársloka 2024 hefur vísitalan hækkað um rúmlega 4%. Vísitalan er vísbending um þróun á verði íbúða og hver væntanleg meðaltalsbreyting fasteignamats kemur til með að vera í nýju fasteignamati næsta árs. Breytingar á matinu innan rekstrarársins eru færðar í rekstrarreikning undir liðnum matsbreyting fjárfestingarfasteigna. Meðhöndlun á fjárfestingarfasteignum er í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal, IAS 40. Breytingar á gangvirði fjárfestingarfasteigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingarfasteigna í rekstrarreikning. Fjárfestingarfasteignir eru ekki afskrifaðar.

Fasteignir sjóðanna í árslok 2024 voru eftirtaldar:	Fasteigna- mat, hús	Fasteigna- mat, lóð	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Laugavegur 15, Reykjavík	471.300.000	153.150.000	614.250.000	650.595.424

4. Verðhækkun verðbréfa

Hækkun verðbréfa greinist þannig:	2024	2023
Söluhagnaður, sölutap og gengisbreyting verðbréfa	325.050.498	144.839.609
	325.050.498	144.839.609

5. Verðbréfasjóðir og hlutabréf

Verðbréfaeign sjóðanna skiptist niður á vörsluðila á eftirfarandi hátt:	2024	2023
Íslandsbanki	2.817.782.215	2.518.269.272
Aðrir	2.565.578	2.332.900
	2.820.347.793	2.520.602.172

Fjármagnstekjuskattskuldbinding vegna verðbréfasjóðasafns STYRKHI nam á árinu:

Fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði í ársbyrjun	126.140.712
Breyting fjármagnstekjuskatts á árinu	(29.112.750)
Fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði í árslok	97.027.962

Skýringar

6. Eignarhlutur í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum

Eignarhlutur í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:		2024	2023
Félag	Nafnverð	Bókfært verð	Bókfært verð
Háskólabíó	103.962.858	103.962.858	129.609.454
Eignarhlutur í öðrum félögum greinast á eftirfarandi hátt:		2024	2023
Félag	Nafnverð	Bókfært verð	Bókfært verð
Tækniþróun hf.	8.745.070	8.745.070	8.745.070
Íslensk NýOrka ehf.	1.910.000	1.910.000	1.910.000
	<u>10.655.070</u>	<u>10.655.070</u>	<u>10.655.070</u>

7. Handbært fé

Handbært fé skiptist niður á vörsluaðila á eftirfarandi hátt:		2024	2023
Íslandsbanki hf.		336.434.667	315.149.323
Landsbankinn hf.		71.497.961	47.040.472
		<u>407.932.628</u>	<u>362.189.795</u>

8. Eigið fé

Höfuðstóll

Höfuðstóll sjóðanna myndast af upprunalegu stofnframlagi að viðbætti rekstrarniðurstöðu frá upphafi. Mismunandi er milli sjóða hvort og hversu mikið af höfuðstól skal binda hverju sinni en slíkt byggir á skipulagsskrá hvers sjóðs fyrir sig. Skipulagsskrár allra sjóða má finna á vef Styrktarsjóða Háskóla Íslands, www.sjodir.hi.is.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Höfuðstóll
Hreyfingar 2023:	
Staða í ársbyrjun	3.596.809.785
Rekstrarniðurstaða ársins	(17.712.269)
Staða í árslok	<u>3.579.097.516</u>
Hreyfingar 2024:	
Staða í ársbyrjun	3.579.097.516
Innborgað stofnfé v/Minningarsjóðs Erlendar Jónssonar og Mörtu Ágústsdóttur	10.000.000
Innborgað stofnfé v/STAFN - Styrktarsjóður Brynju Einarsdóttur og Arnar Almarssonar	50.000.000
Rekstrarniðurstaða ársins	283.968.628
Staða í árslok	<u>3.923.066.144</u>

9. Tekjur umfram gjöld og hrein eign sundurliðuð eftir sjóðum

	Tekjur umfram gjöld		Hrein eign	
	2024	2023	2024	2023
Almanakssjóður	14.993.326	8.081.159	183.035.042	168.041.716
Sjóður Steingríms Arasonar	1.833.569	(219.378)	22.629.277	20.795.708
Eggertssjóður	12.355.858	9.827.755	150.403.296	138.047.438
Gjöf Framkvæmdabanka Íslands til að skreyta hátíðarsal HÍ	614.796	329.165	7.805.817	7.191.021
Háskólasjóður	6.031.559	(3.631.553)	202.489.238	196.457.679
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu HÍ	1.356.464	741.953	16.818.129	15.461.665
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar	419.948	220.718	5.438.117	5.018.169
Ingjaldssjóður	16.685.140	4.648.234	110.930.232	94.245.092
Menningar og framfarasjóður Ludvig Storr	48.604.112	(24.318.742)	692.237.041	643.632.929
Minningarsj. dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors	264.383	136.791	3.932.688	3.668.305
Minningarsj. um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi	542.178	288.749	6.923.400	6.381.222
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar	13.366.797	1.974.424	114.829.930	101.463.133
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur	77.053	29.876	1.271.477	1.194.424
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings	353.959	183.992	4.636.266	4.282.307
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents	(241.955)	(340.711)	2.653.868	2.895.823
Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur	(335.969)	(1.663.260)	7.003.718	7.339.687
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar	715.392	646.518	13.859.504	13.144.112
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands	(24.294.743)	(8.027.805)	124.884.789	149.179.532
Sjóður Árna Magnússonar	2.316.548	1.276.303	28.484.526	26.167.978
Sjóður Níelsar Dungals prófessors	685.275	368.392	8.662.230	7.976.955
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli	1.810.715	(2.692.927)	22.531.200	20.720.485
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur	1.517.876	(16.540)	18.746.745	17.228.869
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands	2.180.512	1.201.067	26.904.673	24.724.161
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands	334.088	171.821	4.372.519	4.038.431
Styrktarsj. Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar	1.979.862	(466.534)	24.367.343	22.387.481
Styrktarsj. Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur	2.615.110	1.622.417	35.767.888	33.152.778
Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar	342.770	177.764	4.500.299	4.157.529
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands	2.059.534	1.133.257	25.361.429	23.301.895
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	(1.007.067)	1.843.665	37.238.308	38.245.375
Tækjasjóður Verkfræðideildar - Landmælingar	225.244	112.355	3.072.204	2.846.960
Verðlaunasj. Bergþóru og Þorsteins Sch. Thorsteinssonar	1.279.357	(520.829)	15.875.802	14.596.445
Verðlaunasjóður Alfreds Benson	344.814	178.903	4.525.143	4.180.329
Þorsteinssjóður	(12.104.996)	(8.180.134)	20.418.374	32.523.370
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar lækni.	2.835.850	1.566.484	34.769.019	31.933.169
Minningarsjóður Bjargar og Magnúsar	(160.193)	2.271.322	46.415.686	46.575.879
Styrktar- og rannsóknarsjóður Þuríðar J. Kristjánsdóttur	9.746.630	1.266.886	65.683.708	55.937.078
Íslenskusjóðurinn	1.340.595	(470.672)	52.917.151	51.576.556
Rannsóknarsjóður Össur og Ottobock	4.892.061	(46.886.727)	106.474.643	101.582.582
Nýsköpunarsjóður dr. Þorsteins Inga Sigfússonar	3.428.882	(520.690)	3.828.066	399.184
Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur	(6.523.625)	(13.909.133)	37.870.938	44.394.563
Watanabe styrktarsjóðurinn	103.580.379	50.323.197	967.416.469	863.836.090
Verðlaunasjóður Sigurðar Helgasonar	6.470.800	(6.863.571)	59.360.311	52.889.511
Doktorsjóður styrktarsjóða HÍ	35.496.888	12.824.143	293.648.547	258.151.659
Menntasjóður Læknadeildar	7.198.909	741.225	51.425.850	44.226.941
